

Samþykkt

95
24. sept.

um fjelagsáveitu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Fjelagssvæðið nær yfir allar jarðir í Skeiðahreppi, aðrar en Álstaði og Ósabakka, svo og jarðirnar Skálmholt og Skálmholtshraun í Villingaholtshreppi.

2. gr.

Vatn til áveitu á fjelagssvæðið skal taka úr Þjórsá í Sandlækjarlandi og skal leiða það um fjelagssvæðið samkvæmt þeim skurðalínum, sem Jón H. Ísleifsson verkfræðingur hefir dregið á kort yfir áveitusvæðið. Á kostnað fjelagsins skal ekki gera aðra skurði nje garða en þá, sem nefndir eru í áætlun áður nefnds verkfræðings Stýfluumbúning í alla þá skurði, svo og nauðsynlegar brýr yfir þá á sýslu- og hreppsvegum, skal gera á kostnað fjelagsins.

3. gr.

Öllum árlegum kostnaði við áveituna, svo sem afborgun og vöxtum af stofnláni, viðhaldskostnaði og kostnaði við eftirlit og stjórn, skiftir stjórn fjelagsins í nóvembermánuði ár hvert á allar jarðir á áveitusvæðinu eftir flatarmálsstærð þess lands, sem vatni má ná yfir á hverri jörð. Við þá skiftingu kostnaðarins skal þó á engri jörð telja áveitusvæði meira en $\frac{3}{4}$ — þrjá fjórðu — af flatarmáli allrar jarðarinnar, þó vatni megi ná yfir meira. Kostnaðinn, samkvæmt þeirri niðurlögnun, greiðir eigandi hverrar jarðar til gjaldkera fjelagsins fyrir næstu árslok.

4. gr.

Áveitufjelaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin á aðalfundi fjelagsins til þriggja ára. Gengur 1 maður úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað sinn eftir hlutkesti og svo eftir röð, svo að einn maður sje kosin í stjórnina ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en enginn er skyldur til að taka aftur við kosningu fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið í stjórninni.

Stjórnarnefndin velur úr sínum flokki formann og gjaldkera; má það vera sami maður.

Formaður heldur reikninga fjelagsins, stýrir fundum þess og bókfærir fundargjörðir og aðalreikninga. 95
24. sept.

Gjaldkeri hefir á hendi innheimtu alla fyrir fjelagið og greiðslur, eftir ávísunum formanns, ef það er ekki sami maður.

Stjórnarnefndin annast um framkvæmd áveitunnar í fyrstu og sjer svo um, að öllum mannvirkjum áveitunnar sje haldið vel við.

Hún ræður árlega 1 mann til umsjónar með áveitunni, gefur honum erindisbrjef og semur um kaup hans.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefndin niður kostnaðinum við áveituna það ár, eftir því er segir í 3. gr.

Stjórnarnefndin fær borgun fyrir starf sitt eftir reikningi, sem liggur undir úrskurð aðalfundar.

5. gr.

Árlegt eftirlit og umsjón með áveitunni hefir á hendi einn maður, sbr. 4. gr. Hann skal vera einvaldur um tilhögun áveitunnar, að öðru en því, sem tekið er fram í samþykkt þessari. Á hverju vori skal hann byrja að veita á svo fljótt sem stjórnarnefnd telur fært og veitir fyrst þar á, sem hann telur mesta þörf vatnsins. Skal hann eftir fremsta megni leitast við að haga svo vatnsleiðslunni, að sem jöfnust verði not áveitunnar um alt áveitusvæðið. Enginn má án hans vilja eða vitundar stýfla skurði þá, sem fjelagið hefir látið gera, nje taka stýflur úr þeim, eða á nokkurn hátt hindra eða hafa áhrif á vatnsleiðsluna.

Haustáveitu skal byrja þegar eftir rjettir. Fresta skal henni þó eftir ósk búenda á þeim jörðum þar sem gera á flóðgarða, skurði eða önnur mannvirki, sem áveitan mundi vera til hindrunar. Um það hvað haustáveitu er haldið lengi fram eftir hausti fer eftir tíðarfari.

Gera skal umsjónarmaður fjelagsstjórninni aðvart um, þegar endurbæta þarf eitthvert mannvirki áveitunnar.

6. gr.

Aðalfund heldur fjelagið í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skal lagður fram til samþykktar endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld fjelagsins síðastliðið ár; kosinn 1 maður í stjórnarnefnd; kosnir 2 endurskodendur og rædd þau mál sem fjelagið varðar.

Fundur er lögmætur ef helmingur búendur á fjelagssvæðinu er á fundi. Atkvæðisrjett hafa eigendur og ábúendur allra jarða á áveitusvæðinu. Atkvæðamagn ræður úrslitum á fundum.

Aukafundi má halda ef fjelagsstjórnin eða helmingur búenda telur þess þörf.

7. gr.

95
24. sept.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 10—200 kr.
Sektirnar renna í sveitarsjóð Skeiðahrepps.

8. gr.

Mál, er rísa kunna út af brotum gegn samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. september 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.